



Fundargerð stjórnarfundar nr. 29.

Stjórnarfundur Norðurár bs. föstudaginn 18. júní 2010 kl:14:00, haldinn sem símafundur. Á fundinum voru stjórnarmennirnir Magnús B. Jónsson, Einar E. Einarsson Vignir Kjartansson og Eiður Guðmundsson ásamt Jóni Skúla Indriðasyni verkfræðingi hjá Eflu verkfræðistofu.

Dagskrá

1. Drög að samningi við Verkfræðistofu Norðurlands.
2. Aðrir framkvæmdaþættir vegnar gerðar urðunarstaðarins.
3. Tilkynning um móttöku á umsókn um starfsleyfi.
4. Önnur mál.

Magnús Jónsson setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. Drög að samningi við Verkfræðistofu Norðurlands.

Lögð fram og yfirfarinn drög að samningi við Verkfræðistofu Norðurlands um eftirlit með gerð urðunarstaðar við Sölvabakka. Jafnframt var til hliðsjónar áætlaður tímafjöldi og vinna við eftirlitið af Verkfræðistofunni Eflu. Magnúsi falið að ræða áfram við forsvarmenn Verkfræðistofu Norðurlands.

2. Aðrir framkvæmdaþættir vegna gerðar urðunarstaðarins

Lögð fram hönnunaráætlun frá arkitektastofunni Form ráðgjöf ehf., og tilboð vegna þjónustubyggingar á urðunarstaðnum. Farið yfir fyrirbyggjandi tilboð og ákveðið að óska eftir fundi með Ágústi Hafsteinssyni arkitekt hjá Form ráðgjöf ehf.

3. Tilkynning um móttöku á umsókn um starfsleyfi.

Magnús lagði fram bréf dagsett 11. júní frá Umhverfisstofnun þar sem þeir staðfesta móttöku á umsókn um starfsleyfi fyrir urðunarstaðinn. Í bréfinu er farið yfir þau atriði sem Norðurá bs., þar að uppfylla lögum og reglugerðum svo Umhverfisstofnun geti gefið út starfsleyfi og innheimt gjald fyrir það. Samþykkt að Jón Skúli vinni áfram að málinu í samráði við stjórn Norðurá bs.

4. Önnur mál

Enginn.

Fundi slitið kl. 15:00

Magnús B. Jónsson

Einar E Einarsson

Vignir Kjartansson

Eiður Guðmundsson